**stein·n** *kk – hestur S*
[-s, -ar]

– húsið er úr steini

‡

**vél** *kv – nál*
[-ar, -ar]

– vélin í bílnum er biluð

‡ • flugvél

**strák·ur** *kk – hestur*
[-s, -ar]

– var það strákur eða stelpa?

‡ strákr » piltur, drengur

**leit·a** *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég er búin að leita um allt að sokkunum mínum

‡ • leit

**dimm·ur** *lo – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– það er orðið dimmt úti

‡ dimmr » dökkur « bjartur, ljós (lo)

**draum·ur** *kk – hestur*
[-s, -ar]

– mig dreymdi skrýtinn draum í nótt

‡ draumr • dreyma

**alvarleg·ur** *lo – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– hún er alltaf svo alvarleg

‡ alvarligr • alvara; varlega, varla, vara (so)

**fast·ur** *lo – gulur Ö*
[föst, -(ao); -ari, -astur]

– bíllinn er fastur í snjóskafli

‡ fastr • fast « laus

**gat** *hk – hús Ö*
[-s, göt]

– það er gat á sokknum

‡

**fleyg·ja** *so vb-i – heyra*
[-ði]

– viltu fleygja þessum blöðum í ruslið?

‡ » henda

**hjól** *hk – hús*
[-s, -]

– hún ætlar að ferðast um landið á hjóli

‡ • hjóla

**beyg·ja** *so vb-i – heyra*
[-ði]

– þú beygir til hægri við gatnamótin

‡

**sala** *kv – stofa Ö*
[sölu, sölur]

– það er mikil sala á bókum fyrir jólin

‡

**þreyt·a** *kv et – stofa*
[-u]

– ég finn aðeins fyrir þreytu

‡ • þreyttur

**gler** *hk – hús (J)*
[-s, -]

– mig vantar ný gler í gleraugun

‡

**pott·ur** *kk – hestur*
[-s, -ar]

– okkur vantar nýja potta í eldhúsið

‡ pottr